

Svar

háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um rafræn skilríki fyrir Íslendinga sem búa erlendis.

1. *Hver er almennur gildistími rafrænna skilríkja, hvað þarf notandi að gera til að endurnýja þau og hvernig geta Íslendingar búsettir erlendis borið sig að við það?*

Hér á landi starfar Auðkenni ehf. sem fullgildur traustþjónustuveitandi í samræmi við lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019, og reglugerð nr. 100/2020. Óskað var eftir umsögn Auðkennis um fyrirspurnina og byggjast svör ráðherra á upplýsingum frá fyrirtækinu.

Almennur gildistími rafrænna skilríkja sem Auðkenni gefur út er fimm ár en mögulegt er að fá skilríki á svonefndu Auðkenniskorti með styttri gildistíma. Ef skilríki sem gefið hefur verið út á skráningarstöð er við það að renna út getur notandi fengið útgefið nýtt skilríki í sjálfsafgreiðslu í smáforriti frá Auðkenni eða öðru í símanúmeri áður en skilríkið rennur út. Aðilar sem geta ekki nýtt sér þennan möguleika þurfa að mæta í eigin persónu á skráningarstöð á Íslandi og framvísa gildum persónuskilríkjum.

2. *Er stefnt að því að fela sendiráðum og eftir atvikum ræðismönnum að bjóða upp á afgreiðslu og endurnýjun rafrænna skilríkja fyrir Íslendinga búsetta erlendis? Ef svo er, hvenær má búast við að af því verði?*

Auðkenni vinnur að því með utanríkisráðuneytinu að opna skráningarstöðvar í sendiráðum Íslands sem munu bæta aðgengi Íslendinga búsettra erlendis að slíkri þjónustu.

3. *Hafa íslensk stjórnvöld rætt við stjórnvöld í öðrum ríkjum að þau geri Íslendingum búsettum þar kleift að sækja um eða endurnýja rafræn skilríki án þess að þurfa að koma til Íslands?*

Ekki er kunnugt um slíkar milliríkjaviðræður.

4. *Hvernig er að öðru leyti fyrirhugað að koma til móts við Íslendinga erlendis sem þurfa á rafrænum skilríkjum að halda en hafa ekki tök á að ferðast til Íslands til að sækja um þau eða endurnýja?*

Auðkenni vinnur að breytingum á smáforriti Auðkennis sem mun gera einstaklingum með íslensk vegabréf kleift að nota lífkennaupplýsingarnar sínar, annars vegar þær sem fram koma í vegabréfi og hins vegar svokallaða „liveliness“-greiningu á andliti sínu, fyrir sjálfsafgreiðslu rafrænna skilríkja. Þegar sú lausn er tilbúin munu Íslendingar búsettir erlendis, sem hafa gild íslensk vegabréf, geta sótt skilríki í gegnum lífkennaleiðina. Þessi breyting kallar á samþykki eftirlitsaðila í samræmi við starfsleyfi Auðkennis.